


Fréttabréf 2/2024

Fyrsta ár Jaðarhafra

Verkefnið Jaðarhafrar (e. OatFrontiers) hefur nú verið starfandi í eitt ár. Á þessu ári hafa 370 línur af höfnum verið prófaðar á tíu stöðum innan samstarfslandanna til að meta aðlögun þeirra að norðlægum slóðum, svokölluðum jaðarsvæðum. Þar á meðal voru 30 þekkt yrki prófuð á níu stöðum, á átta stöðum voru einnig haldnir spildudagar fyrir gesti og gangandi. Þar á meðal var haldin vinnustofa og spildudagur í Gunnarsholti í Rangárvöllum, þar sem samstarfsfólk innan verkefnisins hittist í fyrsta skipti. Næst á dagskrá er að vinna úr uppskeru sumarsins en fyrstu niðurstöður verða birtar hér fyrir neðan.

Eitt ár af aðlögun hafrayrkja

Vaxtartímabilið árið 2024 var hlýtt í norðurhluta Skandinavíu og Finnlands en kalt á Atlantshafs svæðum. Hafralínurnar urðu því fyrir gífurlega fjölbreyttum veðurskilyrðum og bæði er hægt að sjá mun á skriði og möguleikum yrkja sem þroskast seinna á vaxtartímabilinu. Árið 2024 fengum við verðmæt gögn til að bæta strástyrk og sjúkdómsþol sem og að sjá möguleika hafra á Íslandi. Eftir fyrsta ár verkefnisins getum við borið kennsl á yrki sem þroskast nægilega snemma í krefjandi aðstæðum, sjá myndir hér að neðan, og virðast þau einnig þroskast snemma á öllum stöðum verkefnisins. Í næsta fréttabréfi verður birt innsýn í uppskeru og gæði hennar frá fyrsta ári.



Spildudagar og fræðslufundur

Eitt af aðalmarkmiðum Jaðarhafra er að skiptast á þekkingu varðandi ræktun hafra á hverjum stað og mynda tengsl til að takast á við staðbundna ræktun á korni. Spildudagar og vinnustofur eru því mikilvægur hluti af verkefninu.

8. október þessa árs var haldin í Gunnarsholti vinnustofa og kynning á verkefninu fyrir aðildaraðila, auk spildudags þar sem markmiðið var að kynna hafra til frekari ræktunar á Íslandi. Hrannar Smári, tilraunastjóri í jarðrækt við Lbhl, kynnti verkefnið ásamt öðrum tilraunum Lbhl staðsettum í Gunnarsholti og reynsla ræktunar á sambærilegum jaðarsvæðum var miðlað.

Spildudagurinn var vel heppnaður, og komu saman rúmlega 60 manns, þar af um 20 erlendis sérfræðingar frá samstarfsaðilum. Hægt er að nálgast fyrirlestra frá fræðsludeginum á heimasíðu OatFrontiers. <https://www.interreg-npa.eu/projects/oatfrontiers/>

Fréttabréf 2/2024



Frá spildudegi í Gunnarsholti

Hafrasérfræðingarnir

Eitt af markmiðum Interreg sjóðsins er að auka nýsköpun í gegnum alþjóðlegt samstarf til að þróa lausnir fyrir dreifbýli. Jaðarhafrar er samstarf milli þriggja norrænna sáðvöruframleiðanda sem hafa þekkingu á hafrakynbótum, þriggja Norður-Evrópskra rannsóknarstöðva og fjögurra háskóla. Þar að auki eru margir aðrir samstarfsfélagar sem tengjast inn í þetta verkefni, svo sem bændur og fyrirtæki og mennta- eða ráðgjafastofnanir.

Á Íslandi er það Landbúnaðarháskóli Íslands sem tekur þátt í verkefninu sem er unnið við Jarðræktarmiðstöð Lbhí. Tilraunir eru bæði á Hvanneyri í Andakíl og í Gunnarsholti á Rangárvöllum, þar sem tilraunirnar voru til sýnis á spildudegi síðasta haust.

Kynnið ykkur spildudaga og vísindaferð 4.-5. ágúst 2025

Náttúruauðlinda stofnun Finnlands (Natural Resource Institute Finland, LUKE), Boreal Plant Breeding Ltd og 65Oats Mill eru að skipuleggja hafra- vísindaferð fyrir bændur og samstarfsfélaga frá NPA löndunum til Oulu í Finnlandi. Haframyllur verða skoðaðar og hafraræktendur á svæðinu heimsóttir og við kynnum okkur samstarf þeirra. Kynningin sjálf er endurgjaldslaus en þáttakendur þurfa að greiða ferðakostnað. Endilega fyllið út spurningarlista ef það er áhugi á að taka þátt (eingöngu nokkur laus pláss laus fyrir hvert land) <https://forms.office.com/e/E0ZiTiW2H4>

Árið 2025 verða haldnir spildudagar í mismunandi löndum og fræðsludagur verður haldinn í Steinkjer, Noregi (bæði hægt að mæta í raunheimum og á netinu)

Endilega látið okkur vita ef þið hafið áhuga á að nálgast frekari upplýsingar um viðburðina: <https://forms.office.com/e/yy6j5jMBVe>.